



Alþingi
Erindi nr. Þ 135/1680
komudagur 5.3.2008

Reykjavík, 4. mars 2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Efni: Umsögn íslenskuskorar Háskóla Íslands um tillögu til þingsályktunar um að ræður og ávörp ráðamanna liggi fyrir á íslensku

Íslenska er þjóðtunga, mál íslensks stjórnkerfis og stjórnsýslu. Það er mikilvægt fyrir lýðræðið og almenna umræðu í þjóðfélaginu að almenningur eigi greiðan aðgang að því sem ráðamenn þjóðarinnar segja í nafni hennar, bæði heima og erlendis. Séu ávörp og ræður ráðamanna aðeins aðgengileg á erlendu máli gerir það stórum hópi landsmanna erfitt fyrir eða ómögulegt að kynna sér efni þeirra. Auk þess býður það heim hættu á misvísandi þýðingum og túlkunum á því sem sagt er.

Það hlýtur að vera metnaðarmál ráðamanna að orð þeirra nái eyrum íslensks almennings. Forsenda þess er að þau séu íslensk. Íslenskuskor Háskóla Íslands lýsir fullum stuðningi við framlagða þingsályktunartillögu.

Í nafni íslenskuskorar

Eiríkur Rögnvaldsson
skorarformaður